

Starfsfólk í grunnskólum haustið 2004

Staff in compulsory schools in autumn 2004

Samantekt

Í október 2004 störfuðu 7.379 starfsmenn í 178 grunnskólum á Íslandi. Starfsmönnum hefur fækkað um 93 frá hausti 2003 og stöðugildum fækkað um 42. Nemendum fækkaði um 290 á milli ára. Haustið 2004 voru rúmlega 85% kennara með kennsluréttindi, og hefur hlutfallið ekki verið hærra frá upphafi gagnasöfnunar Hagstofu Íslands haustið 1997. Tæplega helmingur (46,8%) kennara án kennsluréttinda er með háskólapróf. Rúmlega 80% (80,6%) starfsfólks í grunnskólum eru konur og fer konum enn fjölgandi meðal grunnskólakennara. Konum hefur fjölgað í hópi skólastjóra og eru kvenskólastjórar 79 talsins haustið 2004, 43,6% allra skólastjóra. Konur eru rúmlega 60% aðstoðarskólastjóra og tæp 83% deildarstjóra. Alls höfðu 765 starfsmenn við kennslu haustið 2003 hætt störfum haustið 2004 og er brottfallið 16,1%. Af starfsmönnum grunnskóla haustið 1999 höfðu 36,7% hætt störfum haustið 2004. Tæplega 80% (78,3%) þeirra kennara sem útskrifuðust skólaárið 2003–2004 voru við störf í grunnskólum í október 2004. Hlutfallslega flestir nemendur úr fjarnámi störfuðu sem grunnskólakennarar, eða 85,1%.

Inngangur

Gagnasöfnun frá 1997

Hagstofa Íslands hefur safnað upplýsingum um nemendur og starfsfólk í grunnskólum á Íslandi frá árinu 1997. Tölurnar miðast við 15. október ár hvert. Hér á eftir verða birtar helstu niðurstöður úr gagnasöfnun um starfsfólk grunnskóla haustið 2004, auk þess sem eldri tölur verða birtar til samanburðar. Það skal tekið fram að verkfall grunnskólakennara haustið 2004 hefur engin áhrif á niðurstöður þessarar gagnasöfnunar.

Starfsfólki og nemendum grunnskóla fækkar

Rúmlega 44.600 grunnskólanemendur

Í október 2004 voru 178 grunnskólar starfandi á Íslandi og hafði þeim fækkað um 9 frá árinu áður. Nýir skólar eru 4 talsins en 13 skólar voru lagðir niður eða sameinaðir öðrum grunnskólum. Að auki starfar ítalskur grunnskóli að Kárahnjúkum með 8 nemendur og 2 kennara, sem ekki er tekinn með í þessum tölum. Þessa 178 grunnskóla sækja 44.637 nemendur, þar af eru 126 nemendur í 5 ára bekk. Nemendum grunnskóla hefur fækkað um 290 frá síðastliðnu skólaári, eða 0,6%. Frá árinu 1996 hefur nemendum fjölgað ár frá ári en fækkar nú á milli ára þar sem árgangurinn sem er að hefja grunnskólanám er fámennari en sá sem lauk grunnskólanámi vorið 2004.

Tæplega 7.400 starfsmenn

Alls starfa 7.379 starfsmenn í grunnskólum haustið 2004 og hefur þeim fækkað um 93 (1,2%) frá hausti 2003 (tafla 1). Starfsfólki við kennslu hefur fækkað um 18 einstaklinga en öðrum starfsmönnum um 75 manns. Stöðugildum hefur fækkað um 42, eða 0,6%. Í þessum tölum eru taldir starfsmenn skóla sem starfa undir stjórn



skólastjóra, en ekki starfsfólk annarra stofnana og verktaka sem starfa í skólunum. Vert er að benda á að í sumum sveitarfélögum hafa átt sér stað skipulagsbreytingar undanfarin ár, þannig að heilsdagsskólinn er ekki lengur undir stjórn skólastjóra. Einnig hafa þríf og rekstur skólamötuneyta verið boðin út. Því teljast þessir starfsmenn ekki lengur starfsmenn skólans, og eru þar af leiðandi ekki taldir með í þessari gagnasöfnun.

Fleiri nemendur í hverjum skóla

Í töflu 2 er sýndur samanburður milli ára 1999 og 2004 á fjölda skóla, nemenda og starfsmanna við kennslu og stjórnun. Þar sést að grunnskólum hefur fækkað um 14 á þessu tímabili, nemendum fjölgað um 1.481 og starfsfólki fjölgað um 529. Í þessari töflu sést einnig að meðalnemendafjöldi í hverjum skóla er að hækka og eru nú að meðaltali 250 nemendur í hverjum skóla en voru 224 fyrir 5 árum síðan.


Kennurum með kennsluréttindi fjölgar

Rúmlega 85% kennara með réttindi

Kennurum með kennsluréttindi fjölgar hlutfallslega og hefur hlutfall þeirra ekki verið hærra síðan gagnasöfnun Hagstofunnar hófst árið 1997. Nú eru rúmlega 85% þeirra sem sinna kennslu með kennsluréttindi og hefur réttindakennurum fjölgað um 172 frá síðasta ári. Lægst var hlutfallið árið 2001 þegar tæplega 80% kennara voru með réttindi (sjá mynd 1 og töflu 3). Hæsta hlutfall réttindakennara á landinu er á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur þar sem 94,3% kennara eru með réttindi (mynd 2, tafla 4). Lægst er þetta hlutfall á Vestfjörðum þar sem tæp 60% kennara eru með kennsluréttindi. Þegar litið er á landsbyggðina í heild hefur hlutfall kennara með kennsluréttindi hækkað um 5,4 prósentustig frá síðastliðnu skólaári. Haustið 2004 eru rúmlega 76% kennara á landsbyggðinni með kennsluréttindi og hafa ekki verið fleiri frá árinu 1997.


Mynd 1. Hlutfall kennara með kennsluréttindi 1999–2004

Figure 1. Teachers with a teaching licence 1999–2004



Mynd 2. Hlutfall kennara með kennsluréttindi eftir landsvæðum 2004

Figure 2. Teachers with a teaching licence by region 2004




Tæp 47% kennara án kennsluréttinda eru með háskólapróf

Kennarar með kennsluréttindi geta annað hvort verið með próf úr framhaldsskóla eða háskóla. Þeir sem útskrifuðust sem kennarar úr Kennaraskóla Íslands fyrir árið 1975 eru taldir hafa útskrifast úr framhaldsskóla. Haustið 2004 átti þetta við um 518 kennara (tafla 5). Kennarar með háskólapróf eru 3.845 og af þeim eru 3.527 með kennsluréttindi en 318 kennarar eru með háskólapróf en ekki kennsluréttindi. Vert er að geta þess að af þeim 680 starfsmönnum sem kenna í grunnskólum en hafa ekki kennsluréttindi eru tæp 47% með háskólamenntun (mynd 3). Haustið 2004 höfðu 94 starfandi kennarar ekki lokið framhaldsskólastigi en það eru 2% allra kennara.

Mynd 3. Menntun kennara án kennsluréttinda 2004

Figure 3. Education of unlicensed teachers 2004



Kynskipting starfsmanna eftir starfssviðum

Yfir 80% starfsmanna eru konur

Yfir 80% allra starfsmanna í grunnskólum landsins eru konur (tafla 6). Þetta hlutfall er þó mismunandi eftir starfssviðum. Af 181 starfandi skólastjóra eru 102 karlar eða 56,4%. Árið 1999 var samsvarandi hlutfall 65,3%. Konum hefur því fjölgað í hópi skólastjóra á þessum árum. Tæplega 80% kennara og deildarstjóra eru konur og hefur það hlutfall farið hækkandi frá árinu 1998 þegar samsvarandi hlutfall var 76,6%. Kennarastarfið er því orðið enn meira kvennastarf en áður. Ákveðin störf innan grunnskólans eru svo til eingöngu unnin af konum og má þar nefna störf þroskaþjálfara og störf á bókasafni. Karlar eru hlutfallslega flestir í starfi húsvarða eða tæp 88%.


Aldur starfsfólks við kennslu

Kennurum undir 30 ára fækkar

Haustið 2004 eru tæplega 60% kennara og skólastjórnenda á aldrinum 30–49 ára. Fjórðungur til viðbótar er á sextugsaldri (mynd 4, tafla 7). Þegar litið er á breytingar frá árinu 1999 sést að hlutfallsleg fækkun hefur átt sér stað í yngsta aldurshópnum, þ.e. 29 ára og yngri. Árið 1999 voru 15% kennara og skólastjórnenda á þessum aldri en haustið 2004 er þetta hlutfall komið niður í 11%. Hlutfallslega hefur fjölgað mest í aldurshópnum 50–59 ára. Haustið 1999 var 791 kennari á þessum aldri, en haustið 2004 eru þeir 1.141. Einnig hefur fjölgað í elsta aldurshópnum, 60 ára og eldri, þó sú fjölgun sé ekki eins mikil. Karlar eru hlutfallslega flestir í elsta aldurshópnum bæði árin.

Mynd 4. Aldursskipting starfsmanna við kennslu 2004

Figure 4. Age distribution of teaching personnel 2004



Fleiri starfsmenn við kennslu eru í fullu starfi

Tæplega 73% kennara sinna a.m.k. fullu starfi

Haustið 2004 eru 72,6% starfsfólks við kennslu og skólastjórnun í fullu starfi eða meira. Þetta hlutfall hefur hækkað frá síðastliðnu skólaári þegar það var 69,4% (tafla 8). Þeim kennurum sem vinna meira en eitt fullt starf hefur þó fækkað um 120, eða úr 34,6% í 32,2% allra kennara. Einnig hefur starfsmönnum sem vinna minna en hálf starf fækkað úr 6,6% í 5,1%.


Alls hættu 765 starfsmenn við kennslu störfum á árinu

16,1% starfsfólks við kennslu hætti störfum á árinu

Af 4.743 skólastjórnendum, deildarstjórum og kennurum sem voru við störf haustið 2003 voru 765 ekki við störf ári síðar (tafla 9). Brottfall þessa starfsmanna er 16,1% og er það einu prósentustigi hærra en árið á undan (tafla 10). Mest er brottfallið meðal þeirra sem eru í hlutastarfi en minna meðal þeirra sem eru í a.m.k. fullu starfi. Skólastjórar sem hættu störfum á árinu voru 28 (14,8%), aðstoðarskólastjórar 9 (6,4%), sérkennarar 24 (10%), deildarstjórar 20 (11,7%) og kennarar 684 (17,1%) (mynd 5). Þegar litið er á alla starfsmenn skólans er brottfallið á milli árunna 2003 og 2004 17,7%.

Mynd 5. Hlutfall starfsfólks við kennslu sem hætti starfi 2003–2004

Figure 5. Teaching personnel who quit working 2003–2004



Samanburður á starfsfólki 1999–2004

Rúmlega þriðjungur starfsmanna 1999 var ekki við störf 2004

Ef litið er á þá starfsmenn sem störfuðu í grunnskólum haustið 1999 og skoðaðar mannbreytingar í gögnum Hagstofunnar haustið 2004 má sjá að af 6.445 starfsmönnum grunnskólans haustið 1999 voru 4.079 ennþá við störf haustið 2004 (tafla 11). Höfðu því 2.366 starfsmenn (36,7%) hætt störfum á þessu 5 ára tímabili. Hlutfallslega flestir stjórnendur grunnskóla eru enn við störf 5 árum seinna. Tæplega fimmjungur (19,7%) aðstoðarskólastjóra hafði hætt störfum og rúmlega 27% skólastjóra. Rúmlega 30% kennara hafði hætt störfum. Meðal annarra starfsmanna var þetta hlutfall hærra og má nefna að tæp 54% stuðningsfulltrúa haustið 1999 voru ekki að störfum haustið 2004. Þá hafði rúmlega helmingur húsvarða, gangavarða, starfsmanna í eldhúsi og við þrif hætt störfum ef borin eru saman þessi tvö ár. Ekki var skoðað hvort einhverjir hefðu hætt tímabundið á tímabilinu eða voru í leyfi haustið 2004.

Flestir nýútskrifaðir grunnskólakennarar fara til starfa í grunnskólum


Tæplega 80% nýútskrifaðra grunnskólakennara fara beint í grunnskólakennslu

Skólaárið 2003–2004 útskrifuðust samtals 229 grunnskólakennarar og 34 íþrótta-kennarar frá Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands (tafla 12). Í október 2004 voru 206 þessara kennara við störf í grunnskólum, eða 78,3%, þar af 6 við önnur störf en kennslu og skólastjórnun. Þegar grunnskólakennarar eru

skoðaðir má sjá að 79,5% þeirra fóru beint í kennslu. Athygli vekur að rúm 85% þeirra grunnskólakennara sem útskrifast úr fjarnámi fara beint í kennslu en tæp 77% þeirra sem útskrifast úr dagskólanámi. Færri íþróttakennarar fóru beint í kennslustörf í grunnskólum, eða 70,6%. Er ástæðan að líkindum sú að íþróttakennarar starfa víðar en í grunnskólum, t.d. á öðrum skólastigum, hjá íþróttafélögum og í líkamsræktarstöðvum.

Mynd 6. Útskrifaðir kennarar 2003–2004 við kennslustörf haustið 2004

Figure 6. Compulsory school graduates 2003–2004 teaching in autumn 2004



Ef bornar eru saman tölur frá skólaárinu 1998–9 kemur í ljós að 71,4% nýútskrifaðra kennara voru við störf í grunnskólum haustið 1999, 74,4% grunnskólakennara og 56,3% íþróttakennara. Haustið 2004 skila nýútskrifaðir grunnskólakennarar sér betur til starfa en 5 árum áður. Á það við bæði um grunnskólakennara og íþróttakennara nema hvað fjarnámsnemendur skila sér síður beint í starf haustið 2004 en 5 árum áður.

Fimm árum eftir útskrift starfa tveir af hverjum þremur í grunnskóla

Fimm árum eftir útskrift starfa tæp 62% kennara í grunnskóla

Þegar afdrif þeirra kennara sem útskrifuðust skólaárið 1998–1999 eru skoðuð haustið 2004 kemur í ljós að tæplega tveir af hverjum þremur (61,7%) kennurum starfa enn í grunnskóla (tafla 13). Innan við helmingur (46,9%) íþróttakennara starfar í grunnskólum en 64,6% grunnskólakennara. Grunnskólakennarar sem útskrifast úr fjarnámi eru hlutfallslega fleiri í starfi 5 árum eftir útskrift; 67,6% þeirra eru enn í starfi en 63,8% kennara sem útskrifast úr dagskóla. Í þessum tölum er ekki tekið tillit til kennara sem kunna að vera í leyfi.

Tafla 1. Starfsfólk í grunnskólum eftir starfssviðum 1999–2004*Table 1. Personnel in compulsory schools by occupation 1999–2004*

	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Alls Total	6.445	6.571	6.975	7.299	7.472	7.379
Skólastjórar <i>Headmasters</i>	190	190	194	194	189	181
Aðstoðarskólastjórar <i>Assistant headmasters</i>	142	150	144	145	141	139
Grunnskólakennarar <i>Teachers</i>	3.607	3.649	3.909	4.103	4.173	4.157
Sérkennarar <i>Special education teachers</i>	257	240	243	255	240	248
Bókasafnsfræðingar, bókaferðir <i>Librarians and library assist.</i>	69	73	69	76	76	70
Skólasálfræðingar, námsráðgjafar <i>Psychiatrists, student counsellors</i>	49	58	74	73	74	85
Skólahjúkrunarfræðingar <i>School nurses</i>	39	48	51	35	35	36
Proskapjálfar <i>Social pedagogues</i>	41	44	58	72	80	90
Stuðningsfulltrúar, uppeldisfulltrúar <i>Assist. for handicapped pupils</i>	287	345	408	489	546	536
Skólaritarar, tölvuumsjón <i>Clerks, computer personnel</i>	143	168	185	184	181	186
Tómstunda- og íþróttafulltrúar <i>Leisure and sport assist.</i>	20	20	10	7	8	4
Starfsfólk í mötuneytum <i>School canteen workers</i>	218	238	242	263	264	254
Húsverðir <i>School caretakers</i>	152	141	146	134	141	141
Starfslið við ganga- og baðvörslu, þrif og aðstoð við nemendur <i>School day care assist., school aids and cleaning personnel</i>	1.156	1.137	1.195	1.237	1.286	1.205
Annað <i>Others</i>	75	70	47	32	38	47

Skýringar Notes: Deildarstjórar eru flokkaðir með grunnskólakennurum. *Heads of department are classified with teachers.*

Tafla 2. Grunnskólar, nemendur og starfsfólk við kennslu eftir landsvæðum 1999 og 2004*Table 2. Compulsory schools, pupils and teaching personnel by region 1999 and 2004*

	1999				2004			
	Skólar <i>Schools</i>	Nemendur <i>Pupils</i>	Starfsfólk við kennslu <i>Teaching personnel</i>	Meðalfjöldi nem. í skóla <i>Pupils per school</i>	Skólar <i>Schools</i>	Nemendur <i>Pupils</i>	Starfsfólk við kennslu <i>Teaching personnel</i>	Meðalfjöldi nem. í skóla <i>Pupils per school</i>
Landið allt Total	192	43.030	4.196	224	178	44.511	4.725	250
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	66	25.098	2.203	380	66	26.690	2.559	404
Reykjavík	42	14.917	1.375	355	42	15.369	1.466	366
Utan Reykjavíkur <i>Excl. Reykjavík</i>	24	10.181	828	424	24	11.321	1.093	472
Suðurnes	8	2.701	215	338	8	2.830	260	354
Vesturland	15	2.445	274	163	14	2.399	298	171
Vestfirðir	13	1.340	174	103	13	1.246	173	96
Norðurland vestra	13	1.527	193	117	10	1.371	184	137
Norðurland eystra	29	4.322	487	149	27	4.410	532	163
Austurland	22	1.986	248	90	21	1.892	283	90
Suðurland	26	3.611	402	139	19	3.673	436	193

Skýringar Notes: Að auki voru 118 nemendur í 5 ára bekk árið 1999 og 126 árið 2004. *In addition there were 118 pupils in grade 0 (5 year olds) in 1999 and 126 in 2004.*

Tafla 3. Starfsfólk við kennslu eftir kennsluréttindum 1999–2004

Table.3 Personnel in compulsory schools by teaching licence 1999–2004

	Alls <i>Total</i>	Með réttindi <i>With licence</i>		Án réttinda <i>Without licence</i>	
	Fjöldi <i>Number</i>	Alls <i>Total</i>	Hlutfall, % <i>Percentage %</i>	Alls <i>Total</i>	Hlutfall, % <i>Percentage %</i>
1999	4.196	3.502	83,5	694	16,5
2000	4.229	3.419	80,8	810	19,2
2001	4.491	3.586	79,8	905	20,2
2002	4.697	3.766	80,2	931	19,8
2003	4.743	3.873	81,7	870	18,3
2004	4.725	4.045	85,6	680	14,4

Tafla 4. Starfsmenn við kennslu eftir kennsluréttindum og landsvæðum haustið 2004

Table 4. Teaching personnel by licence and district autumn 2004

Landsvæði <i>District</i>	Alls <i>Total</i>	Með kennsluréttindi <i>Licensed teachers</i>	Án kennsluréttinda <i>Unlicensed teachers</i>	Með réttindi % <i>With licence %</i>
Alls <i>Total</i>	4.725	4.045	680	85,6
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	2.559	2.392	167	93,5
Reykjavík	1.466	1.361	105	92,8
Utan Reykjavíkur <i>Excl. Reykjavík</i>	1.093	1.031	62	94,3
Suðurnes	260	203	57	78,1
Vesturland	298	234	64	78,5
Vestfirðir	173	103	70	59,5
Norðurland vestra	184	134	50	72,8
Norðurland eystra	532	416	116	78,2
Austurland	283	199	84	70,3
Suðurland	436	364	72	83,5

Tafla 5. Menntun starfsmanna við kennslu haustið 2004

Table 5. Teaching personnel by education in autumn 2004

	Með kennslu- réttindi			Án kennslu- réttinda		
	Alls <i>Total</i>	Licensed <i>teachers</i>	Unlicensed <i>teachers</i>	Alls <i>Total</i>	Licensed <i>teachers</i>	Unlicensed <i>teachers</i>
Fjöldi <i>Number</i>						
Allt landið <i>Total</i>	4.725	4.045	680			
Grunnskólastig <i>Teachers educated at the lower secondary level</i>	94	–	94			
Framhaldsskólastig <i>Teachers educated at the upper secondary level</i>	786	518	268			
Háskólastig <i>Teachers educated at the tertiary level</i>	3.845	3.527	318			
Hlutfall, % <i>Percentage, %</i>						
Allt landið <i>Total</i>	100,0	85,6	14,4			
Grunnskólastig <i>Teachers educated at the lower secondary level</i>	2,0	–	13,8			
Framhaldsskólastig <i>Teachers educated at the upper secondary level</i>	16,6	12,8	39,4			
Háskólastig <i>Teachers educated at the tertiary level</i>	81,4	87,2	46,8			

Tafla 6. Starfsfólk í grunnskólum eftir starfssviðum, kyni og stöðugildum 2004
 Table 6. Personnel in compulsory schools by occupation, sex and full-time equivalents 2004

	Alls	Karlar	Konur	Karlar %	Konur %	Stöðugildi	Meðal- stöðugildi
	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>	<i>Males %</i>	<i>Females %</i>	<i>Full-time equivalents</i>	<i>Mean full-time equivalents</i>
Samtals Total	7.379	1.434	5.945	19,4	80,6	6.574	0,89
Skólastjórar <i>Headmasters</i>	181	102	79	56,4	43,6	183	1,01
Aðstoðarskólastjórar <i>Assistant headmasters</i>	139	55	84	39,6	60,4	139	1,00
Deildarstjórar <i>Heads of department</i>	180	31	149	17,2	82,8	191	1,06
Grunnskólakennarar <i>Teachers</i>	3.977	850	3.127	21,4	78,6	3.712	0,93
Sérkennarar <i>Special education teachers</i>	248	27	221	10,9	89,1	233	0,94
Bókasafnsfr., bókaaverðir <i>Librarians and library assistants</i>	70	1	69	1,4	98,6	47	0,67
Skólasálfr., námsráðgjafar <i>Psychiatrists, student counsellors</i>	85	16	69	18,8	81,2	61	0,72
Skólahjúkrunarfræðingar <i>School nurses</i>	36	2	34	5,6	94,4	22	0,61
Þroskaþjálfar <i>Social pedagogues</i>	90	–	90	–	100,0	82	0,91
Stuðningsfulltrúar, uppeldisfulltrúar <i>Assistants for handicapped pupils</i>	536	44	492	8,2	91,8	407	0,76
Skólaritarar, tölvuumsjón <i>Clerks, computer personnel</i>	186	30	156	16,1	83,9	157	0,84
Tómstunda- og íþróttafulltrúar <i>Leisure and sports assistants</i>	4	2	2	50,0	50,0	2	0,50
Starfsfólk í mótuneytum <i>School canteen workers</i>	254	23	231	9,1	90,9	222	0,87
Húsverðir <i>School caretakers</i>	141	124	17	87,9	12,1	135	0,96
Starfslið við ganga- og baðvörslu, þrif og aðstoð við nemendur <i>School day care assist., school aids and cleaning personnel</i>	1.205	118	1.087	9,8	90,2	946	0,79
Annað <i>Others</i>	47	9	38	19,1	80,9	35	0,74

Tafla 7. Starfsfólk við kennslu eftir aldri og kyni árin 1999 og 2004
 Table 7. Teaching personnel by age and sex 1999 and 2004

	Alls	Karlar	Konur	Karlar %	Konur %	Hlutfall %
	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>	<i>Males %</i>	<i>Females %</i>	<i>Age rates %</i>
1999	4.196	1.043	3.153	24,9	75,1	100,0
29 ára og yngri <i>Younger than 30</i>	631	161	470	25,5	74,5	15,0
30–39 ára <i>years old</i>	1.173	242	931	20,6	79,4	28,0
40–49 ára <i>years old</i>	1.348	313	1.035	23,2	76,8	32,1
50–59 ára <i>years old</i>	791	232	559	29,3	70,7	18,9
60 ára og eldri <i>and older</i>	253	95	158	37,5	62,5	6,0
2004	4.725	1.065	3.660	22,5	77,5	100,0
29 ára og yngri <i>Younger than 30</i>	518	140	378	27,0	73,0	11,0
30–39 ára <i>years old</i>	1.350	253	1.097	18,7	81,3	28,6
40–49 ára <i>years old</i>	1.409	275	1.134	19,5	80,5	29,8
50–59 ára <i>years old</i>	1.141	306	835	26,8	73,2	24,1
60 ára og eldri <i>and older</i>	307	91	216	29,6	70,4	6,5

Tafla 8. Starfsfólk við kennslu eftir stöðugildum 2003 og 2004

Table 8. Teaching personnel by full-time equivalents 2003 and 2004

	2003		2004		Breyting Change	
	Fjöldi Total	Hlutfall % Percentage %	Fjöldi Total	Hlutfall % Percentage %	Fjöldi Total	Hlutfall % Percentage %
Fjöldi Number	4.743	100,0	4.725	100,0	-18	-0,4
<0,50	313	6,6	240	5,1	-73	-23,3
0,50–0,74	474	10,0	476	10,1	2	0,4
0,75–0,99	664	14,0	577	12,2	-87	-13,1
1	1.651	34,8	1.911	40,4	260	15,7
>1	1.641	34,6	1.521	32,2	-120	-7,3

Tafla 9. Brottfall starfsmanna í grunnskólum eftir starfi 2003–2004

Table 9. Dropout among personnel in compulsory schools by occupation 2003–2004

Tölur í október October data	Við störf í okt. 03 At work in Oct. 2003	Þar af ekki við störf í okt. 2004 Not at work in Oct. 2004	Hlutfall ekki við störf í okt. 2004 % Not at work in Oct. 2004 %
Alls Total	7.472	1.320	17,7
Skólastjórar Headmasters	189	28	14,8
Aðstoðarskólastjórar Assistant headmasters	141	9	6,4
Deildarstjórar Heads of department	171	20	11,7
Kennarar Teachers	4.242	708	16,7
Sálfræðingar, námsráðgj., þroskaþj., hjúkrunarfr. og starfsfólk á bókasafni Psychiatrists, stud. counsellors, nurses, social ped. and library personnel	273	55	20,1
Stuðningsfulltr., uppeldisfulltrúar Assistants for handicapped pupils	546	150	27,5
Ritarar, tölvuumsjón Clerks, computer personnel	181	15	8,3
Húsvörðir, gangaverðir, starfsfólk í eldhúsi, þrifum og annað School caretakers, day care assist., cleaning and canteen personnel and others	1.729	390	22,6

Tafla 10. Brottfall starfsfólks við kennslu í grunnskólum 1999–2004

Table 10. Dropout among teaching personnel in compulsory schools 1999–2004

	Við störf í október At work in October	Þar af ekki við störf í október næsta ár Not at work in Oct. the following year	Hlutfall ekki við störf í október næsta ár, % Not at work in Oct. the following year, %
1999–2000	4.196	682	16,3
2000–2001	4.229	669	16,0
2001–2002	4.491	643	14,3
2002–2003	4.697	711	15,1
2003–2004	4.743	765	16,1

Skýringar Notes: Meðtaldir eru skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar og kennarar. Headmasters, assistant headmasters, heads of department and teachers are included.

Tafla 11. Brottfall starfsfólks í grunnskólum haustið 1999 fimm árum seinna

Table 11. Dropout of personnel in compulsory schools in autumn 1999 five years later

	Við störf haustið 1999 At work autumn 1999	Ekki við störf haustið 2004 Not at work autumn 2004	Ekki við störf haustið 2004,% Not at work autumn 2004,%
Alls Total	6.445	2.366	36,7
Skólastjórar <i>Headmasters</i>	190	52	27,4
Aðstoðarskólastjórar <i>Assistant headmasters</i>	142	28	19,7
Kennarar <i>Teachers</i>	3.864	1.170	30,3
Sálfræðingar, námsráðgj., þroskaþj., hjúkrunarfr. og starfsfólk á bókasafni <i>Psychiatrists, stud.counsellors, nurses, social ped. and library personnel</i>	218	77	35,3
Stuðningsfulltr., uppeldisfulltrúar <i>Assistants for handicapped pupils</i>	287	154	53,7
Ritarar, tölvuumsjón <i>Clerks, computer personnel</i>	143	55	38,5
Húsverðir, gangaverðir, starfsfólk í eldhúsi, þrifum og annað <i>School caretakers, day care assist., cleaning and canteen personnel and others</i>	1.601	830	51,8

Tafla 12. Útskrifaðir grunnskólakennarar 1998–1999 og 2003–2004

Table 12. Compulsory school teacher graduates 1998–1999 and 2003–2004

Útskriftarár <i>Year of graduation</i>	Við störf í grunnsk. í okt. sama ár <i>At work in compulsory schools in Oct.</i>	Við störf, % <i>At work, %</i>	Ekki við störf í grunnsk. <i>Not working in compulsory schools</i>	Ekki við störf, % <i>Not working, %</i>
1998–1999				
Alls Total	196	140	71,4	56
Grunnskólakennarar <i>Compulsory school teachers</i>	164	122	74,4	42
þar af dagskólanemendur <i>teachers from day courses</i>	127	89	70,1	38
þar af fjarnámsnem. <i>teachers from distance learning</i>	37	33	89,2	4
Íþróttakennarar <i>Physical education teachers</i>	32	18	56,3	14
2003–2004				
Alls Total	263	206	78,3	56
Grunnskólakennarar <i>Compulsory school teachers</i>	229	182	79,5	46
þar af dagskólanemendur <i>teachers from day courses</i>	155	119	76,8	36
þar af fjarnámsnem. <i>teachers from distance learning</i>	74	63	85,1	11
Íþróttakennarar <i>Physical education teachers</i>	34	24	70,6	10

Tafla 13. Staða grunnskólakennara 2004 fimm árum eftir útskrift 1998–1999

Table 13. Status of compulsory school teachers in 2004 five years after graduation in 1998–1999

	Við störf í grunnskólum í október 2004		Við störf, % <i>At work, %</i>	Ekki við störf 2004	
	Útskrifaðir <i>Graduates</i>	<i>schools in October 2004</i>		<i>Not working 2004</i>	Ekki við störf, % <i>Not working, %</i>
Alls Total	196	121	61,7	75	38,3
Grunnskólakennarar <i>Compulsory school teachers</i>	164	106	64,6	58	35,4
þar af dagskólanemendur <i>teachers from day courses</i>	127	81	63,8	46	36,2
þar af fjarnámsnem. <i>teachers from distance learning</i>	37	25	67,6	12	32,4
Íþróttakennarar <i>Physical education teachers</i>	32	15	46,9	17	53,1

English summary

In October 2004 there were 7,379 staff members in compulsory schools in Iceland. The number of personnel has decreased by 93 since October 2003, the number of full-time equivalents has decreased by 42 and the number of pupils has decreased by 290. In autumn 2004 over 85% of teachers had a teaching licence. The proportion of licensed teachers has never been greater since the start of the data collection by Statistics Iceland in 1997. Almost one-half (46.8%) of unlicensed teachers had a university education. More than 80% (80.6%) of staff in compulsory schools were women and women are becoming more numerous among compulsory school teachers. There were 79 women headmasters in 2004, 43.6% of all headmasters. Women were more than 60% of assistant headmasters and almost 83% of department heads. In October 2004 16.1% of teaching staff members who were employed in October 2003 had left their jobs. Of all staff members in autumn 1999 there were 36.7% who had left their job in autumn 2004. Less than 80% (78.3%) of compulsory school teachers who graduated in 2003–2004 were working in compulsory schools in October 2004. The largest proportion of graduates from distance learning worked as compulsory school teachers, or 85.1%.

Hagtiðindi Skólamál Statistical Series *Education*

90. árgangur nr. 6
ISSN 0019-1078

2005:2
ISSN 1670-469X (pappír paper) • ISSN 1670-4703 (pdf)

Verð ISK 500 Price EUR 6

Umsjón *Supervision* Ásta M. Urbancic • asta.urbancic@hagstofa.is

Haukur Pálsson • haukur.palsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series